



Borgarstjórn Reykjavíkur  
Ráðhús v/Tjarnargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2024

**Varðar: Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.**

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur fyrir sitt leyti á 266. stjórnarfundi þann 18. október 2024 samþykkt meðfylgjandi gjaldskrá fyrir slökkviliðið.

Megintilgangur gjaldskrárinnar er að gera slökkviliðsstjóra mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum þegar þarf að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum.

Gjaldskráin hækkar í samræmi við hækkun launa- og neysluvísitölu milli ára. Launavísitala vegur um 87% af forsendum hækkunar gjaldskrár SHS og neysluverðvísitala 13%. Hækkun milli ára er því um 5,9%.

Um tvenns konar taxa er að ræða. Annars vegar vegna gjaldtöku fyrir lögbundin verkefni, þar sem heimild til gjaldtöku liggur fyrir í lögum. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 21.700 kr./klst.

Hins vegar er sérstakur taxti vegna gjaldtöku fyrir önnur verkefni og þjónustu sem slökkviliðið sinnir ef óskað er eftir því. Þetta eru verkefni sem eru ekki lögbundin, en falla þó að tilgangi liðsins skv. stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 29.300 kr./klst. Mikilvægt þykir að gjaldtakan sé þess eðlis að hún hvetji heldur til þess að leitað sé til aðila á hinum almenna markaði eftir þessari þjónustu, sé þess kostur, þar sem slökkviliðið eigi aldrei að vera eftirsóknarverður valkostur til að sinna ólögbundnum verkefnum sem aðrir geti hugsanlega sinnt. Því er einingaverð vegna gjaldtöku fyrir verkefni sem ekki teljast lögbundin verkefni slökkviliðsins 35% hærra en einingaverð fyrir lögbundin verkefni.

Til að gjaldskráin öðlist gildi þarf samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og óskar undirritaður því hér með eftir samþykki að beiðni stjórnar slökkviliðsins.

Samhljóða bréf er sent stjórnnum hinna aðildarsveitarfélaganna fimm.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson  
slökkviliðsstjóri

Meðfylgjandi:

Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 18. október 2024



## Umsögn

**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Efni: Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2025

Fyrir liggur erindi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 22. október 2024, þar sem óskað er samþykkis aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins á erindi stjórnar SHS á breytingum á gjaldskrá SHS. Megintilgangur gjaldskrárinnar er að gera slökkviliðsstjóra mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum þegar þarf að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum. Gjaldskráin hækkar í samræmi við hækkun launa- og neyslúvísitölu milli ára. Launavísitala vegur um 87% af forsendum hækkunar gjaldskrár SHS og neyslúverðsvísitala 13%. Hækkun milli ára er því um 5,9%. Um tvenns konar taxa er að ræða. Annars vegar vegna gjaldtöku fyrir lögbundin verkefni, þar sem heimild til gjaldtöku liggur fyrir í lögum. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 21.700 kr./klst. Hins vegar er sérstakur taxti vegna gjaldtöku fyrir önnur verkefni og þjónustu sem slökkviliðið sinnir ef óskað er eftir því. Þetta eru verkefni sem eru ekki lögbundin, en falla þó að tilgangi liðsins skv. stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 29.300 kr./klst.

Mikilvægt er að gjald vegna ólögbundinna verkefna sé til þess fallið að SHS verði ekki eftirsóknarverður þjónustuaðili ólögbundinna verkefna heldur verði til þess að viðskiptavinir leiti frekar til annarra aðila á markaði.

Mælt er með því að þessi gjaldskrátilлага verði samþykkt.

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

# GJALDSKRÁ

## Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

### I. kafli

#### **Almennt**

##### 1. gr.

Verkefni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) ákvarðast annarsvegar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hinsvegar af ákvæðum í stofnsamningi SHS.

##### 2. gr.

SHS innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

##### 3. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem SHS eru sett í stofnsamningi.

### II. kafli

#### **Lögbundin verkefni**

##### 4. gr.

Innheimta lögbundinna verkefna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) ákvarðast af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 21.700 kr.

##### 5. gr.

#### *Umsagnir*

Fyrir umsagnir sem önnur stjórnvöld eða stofnanir óska eftir, skal innheimta 21.700 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund. Heimild til gjalddöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

##### 6. gr.

#### *Öryggis- og lokaúttektir*

Innheimt skal fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar, að lágmarki 65.100 kr. Fyrir stærri úttektir skal að auki innheimta 21.700 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram þrjá tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjalddöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.  
*Eldvarnaeftirlit*

Fyrir eldvarnaeftirlit sem hefur í för með sér skriflega áminningu vegna þess að brunaöryggi mannvirkis er ekki viðhaldið í samræmi við forsendur útgefins byggingarleyfis og eðli starfseminnar á hverjum tíma skal innheimt fast gjald 86.800 kr. fyrir hverja skoðun. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.  
*Eftirlit með búsetu í atvinnuhúsnæði*

Fyrir eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun skal innheimta 130.200 kr. fyrir hverja skoðun. Slökkviliðsstjóri getur ákvarðað annað gjald byggt á umfangi verkefnis. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.  
*Eftirfylgni kröfugerðar*

Fyrir endurkomu vegna eftirfylgni kröfugerðar skal að lágmarki innheimta 43.400 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 21.700 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma, fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. .

Þegar eftirfylgni kröfugerðar á sér stað utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns skal að lágmarki innheimta 86.800 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 21.700 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

Fyrir aðra vinnu við eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal innheimta 21.700 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.  
*Eftirfylgni útkalla vegna brunaviðvörðunarkerfa*

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt skal fast gjald fyrir tvær klukkustundir, 43.400 kr., fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirfylgni kröfugerðar sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

11. gr.  
*Dagsektir*

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimtar eru 21.700 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

12. gr.  
*Öryggisvaktir á mannvirki*

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta í kjölfar ákvörðunar slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi mannvirki. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimtar eru að lágmarki 86.800 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 21.700 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. laga um brunavarnir

13. gr.  
*Lokun mannvirkis*

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis í kjölfar ákvörðunar slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirki. Innheimtar eru að lágmarki 86.800 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 21.700 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 31. gr. laga um brunavarnir.

III. kafli  
**Önnur verkefni og þjónusta**

14. gr.

Slökkviliðið sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni verða þó að falla að tilgangi slökkviliðsins sem er að vinna að velferð íbúa aðildarsveitarfélaga samkvæmt stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Fast tímagjald samkvæmt 4. gr. fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 21.700 kr. fyrir lögbundin verkefni. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið er fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns innheimt með 35% álagi. Fast tímagjald fyrir vinnu sem ekki er skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum er því 29.300 kr. nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þar sem um sérstakan viðbúnað er að ræða, sbr. 15. - 17. gr., er að lágmarki innheimt fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir, eða 234.400 kr.

15. gr.  
*Viðbúnaður vegna eldsvoða og mengunaróhappa*

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum kemur fram að löggin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögnum. Þau gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Löggin ná til starfsemi slökkviliða á landi, þ.m.t. slökkvistarfa í jarðgöngum, í skipum sem liggja í höfn og loftförum sem eru á jörðu niðri.

Slökkvistörf og viðbúnaður við mengunaróhöppum á sjó og í lofti falla hins vegar ekki undir löggin, né heldur eldvarnir í skipum með haffærisskirteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum. Slökkviliðsstjóri metur það hverju sinni hvort sinna skuli beiðnum um verkefni sem liggja fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni slíku ólögboðnu verkefni skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 234.400 kr., auk 29.300 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16. gr.

*Viðbúnaður vegna upphreinsunar*

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 234.400 kr., auk 29.300 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

17. gr.

*Viðbúnaður vegna verðmætabjörgunar og vatnsleka*

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í brunavarnalögum, t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 234.400 kr., auk 29.300 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

18. gr.

*Ráðgjafarþjónusta*

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnáætlunarlaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinnan er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimtar eru 29.300 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

19. gr.

*Úttektir utan skoðunaráætlunar*

Fyrir úttektir sem eigandi eða forráðamaður mannvirkis óska eftir og falla utan skoðunaráætlunar SHS skal að lágmarki innheimta 58.600 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 29.300 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma, fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

Fyrir skoðun og ráðgjöf hjá húsfélögum fjölbýlishúsa skal innheimt fast gjald, 44.000 kr.

20. gr.  
*Tækjaleiga*

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærrí en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu- eða körfubíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhverrar uppákomu sem kallar á slíkan búnað. Verðlagningu á tækjum skal endurskoða við hverja breytingu á gjaldskrá þessari.

Tæki SHS skulu aðeins notuð af starfsmönnum slökkviliðsins. Innheimtar eru að lágmarki 117.200 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 29.300 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

21. gr.  
*Fylgd vegna sprengiefnaflutninga*

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur er kveðið á um slíka fylgd í lögreglusamþykkt Reykjavíkur og veitir lögreglustjóri ekki heimild til flutnings nema í fylgd slökkviliðs. Innheimtar eru að lágmarki 117.200 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 29.300 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

22. gr.  
*Annað*

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum eða er í samræmi við stofnsamning SHS. Innheimt er fyrir tæki samkvæmt 16. gr. og að lágmarki 117.200 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 29.300 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

IV. kafli  
**Innheimta**

23. gr.

SHS annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Gjaldldagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjöldum sem til eru komin vegna öryggis- og lokaúttekta, sem og aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 5. gr. t.o.m. 10. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum.

V. kafli  
**Gildistaka og lagastoð**  
24. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum. Gjaldskráin er einnig samþykkt af stjórn SHS. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1731/2024.

F.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.,

18. október 2024,

**Ásdís Kristjánsdóttir,**

varaformaður.

*(rafræn undirritun á öftustu síðu)*



## Undirritunarsíða

f.h. stjórnar SHS  
Ásdís Kristjánsdóttir